

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1006

Dagsetning: 28. nóvember 2023 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir (GUP), Helgi Þorsteinsson (HP), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKP) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi sat fundinn undir lið 9. Hrönn Harðardóttir, svæðisstjóri Geðheilsuteymis HH vestur, og Lovísa Guðbrandsdóttir, hjúkrunarfræðingur hjá Geðheilsuteymi HH vestur, sátu fundinn undir lið 10.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 21. nóvember 2023 samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Heilaörvunarmiðstöðin

Rætt um fjármögnun Heilaörvunarmiðstöðvar HH. Von er á nýjum tækjum á næsta ári og í undirbúningi að flytja miðstöðina í Skógarhlíð. Miðstöðin er ekki fjármögnuð heldur gert ráð fyrir því að fjármagn til reksturs komi af afgangi af fjárveitingu til HH um áramót eða úr almennum rekstri á næsta ári.

4. Álitaefni tengd sjúkraskrá

Rætt um hvernig megi útfæra miðlæga þjónustu við yfirlestur á afritum af sjúkraskrá í stað þess að þetta verkefni sé á hverri heilsugæslustöð. Einnig umræður um hvernig megi leiðbeina starfsfólki HH til að samræma skráningu í sjúkraskrá. Beðið er eftir álit frá Embætti landlæknis um hvernig fara á með upplýsingar sem skráðar hafa verið í sjúkraskrá um þriðja aðila og frá þriðja aðila og verður óskað eftir fundi með embættinu til að ræða málið áfram. Ákveðið að sýna varfærni þar til álit liggur fyrir og afmá upplýsingar um þriðja aðila og frá þriðja aðila þegar afrit af sjúkraskrá eru afhent. NSK mun ræða málið á fundi fagstjóra og vinna áfram að því að setja upp miðlæga þjónustu sem mögulega gæti tengst Söguteymi HH.

5. Ráðgjafarþjónusta geðlækna

Umræður um ráðgjafarþjónustu geðlækna HH á landsbyggðinni og skort á geðlæknum á Akureyri. Upp hafa komið hugmyndir um að geðlæknar frá HH skiptist á að taka viku og viku á Sjúkrahúsinu á Akureyri og að geðlæknir frá HH sinni fjarþjónustu við Heilbrigðisstofnun Norðurlands í 20 prósentu starfshlutfalli. Framkvæmdastjórn tók vel í þessar hugmyndir og fól GUP að skipuleggja málið í samráði við SKP.

6. Samstarf heilsugæslustöðva

Rætt um stöðuna á samstarfi heilsugæslustöðvanna í Efstaleiti og Glæsibæ. Fundað var með stjórnendum til að ræða samstarf og mögulega sameiningu. Þar var áhersla á að finna nýtt húsnæði og hvernig hægt verður að auka samstarf þar til húsnæðismálin komast á hreint. RÓE var falið að vinna áfram með stjórnendum.

7. Nýr bílasamningur

Upplýst um að samið hefur verið við Go bílaleigu um endurnýjun á bílaflota fyrir HH. Byrjað verður að skipta út bílum á næstu dögum.

8. Fundir stjórnenda eftir áramót

Rætt var um áætlun fyrir fundi með stjórnendum eftir áramót. Ákveðið að hafa fjóra fundi fagstjóra og tvo fundi svæðisstjóra frá áramótum og fram á vor. RÓE var falið að stilla upp dagskránni.

9. Starfsmannamál

A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi kom á fundinn til að ræða ýmis starfsmannamál. Farið var yfir jólagjöf til starfsfólks HH og útfærslan samþykkt. Rætt um litlu jólin á skrifstofu og jólaskemmtun í Heiðmörk.

Rætt var um hvort hægt sé að semja við einkarekna leikskóla um að börn starfsfólks HH fái forgang á pláss til að gera HH að meira aðlaðandi vinnustað fyrir ungt starfsfólk. SKP var falið að halda áfram með málið.

Umræður um notkun starfsfólks rafrænum skilríkjum í eigin sínum og hvort endurskoða þurfi reglur um styrk fyrir starfsfólk vegna kaupa á sínum.

10. Samþætting geðheilbrigðisþjónustu

Hrönn Harðardóttir, svæðisstjóri Geðheilsuteymis HH vestur, og Lovísa Guðbrandsdóttir, hjúkrunarfræðingur hjá Geðheilsuteymi HH vestur komu á fundinn til að ræða samþættingu geðheilbrigðisþjónustu. Farið var yfir stöðuna eftir að tilraunaverkefni hefur verið í gangi í sex mánuði. Almennt hefur gengið vel og ánægja með verkefnið. Framkvæmdastjórn er jákvæð í garð verkefnisins og að það verði stækkað til að hægt sé að sinna fleiri heilsugæslustöðvum.

Önnur mál

11. Læknir á Upplýsingamiðstöð

Rætt um hvar auglýsing fyrir stöðu læknis fyrir upplýsingamiðstöð HH er stödd.

12. Starfsheiðranir

Minnt á að starfsheiðranir fyrir starfsfólk sem unnið hefur í 20 ár hjá HH verður haldin föstudaginn 1. desember klukkan 14.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:05